

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆÐAKRÖFUR 2019

Síðasta breyting sem gerð var á opinberum kröfum um gæði hrámjólkur tók gildi 1. janúar 2017. Rétt og skylt er að vekja athygli á því að í ársskýrslu SAM fyrir 2017 var kafli um gæðakröfur til hrámjólkur rangur, þar sem eldri reglur sem gilt höfðu frá árinu 2010 voru skráðar í ársskýrsluna í stað reglna sem tóku gildi 1. janúar 2017. SAM biðst afsökunar á þessari villu í ársskýrslu fyrir árið 2017.

Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðapátta 2019 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu:

Gæðapáttur	Rannsóknartíðni	Flokkar	Mörk	Umbun og skerðing í % af lágmarksverði
Frumutala 1.000 frumur/ml	Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹	1A 1 2 3	<= 200 <= 400 > 400 og <= 500 > 500	+ 2% ² 0 -5% -18% ³
Líftala, Bactoscan 1.000 einingar/ml	Einu sinni í viku. Einstök mæling gildir nema í flokk 1A, þar gildir beint meðaltal hvers mánaðar ⁴	1A 1 2 3 4	<= 20 <= 80 > 80 og <= 200 > 200 og <= 500 > 500	+ 2% ² 0 -16% -36% -60%
Lyfjaleifar ⁵	Að lágmarki einu sinni í mánuði	1A 1 2	Engar mælanlegar leifar Engar mælanlegar leifar Mælanlegar leifar	+ 2% ² 0 -60%
Hitaþolin líftala ⁶ 1.000 einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1	Verður að standast kröfur um 1. fl. <= 5	+ 2% ² 0
Kuldaþolin líftala ⁶ 1.000 einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1	Verður að standast kröfur um 1. fl. <= 25	+ 2% ² 0
Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶	Eftir þörfum	1A 1	Verður að standast kröfur um 1. fl. Enginn vöxtur eftir 72 klst.	+ 2% ² 0
Lykt og bragð ⁶	Eftir þörfum	1A 1	Verður að standast kröfur um 1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla	+ 2% ² 0
Friar fitusýrur	Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar	1 og 1A 2 3	<= 0,900 > 0,900 og <= 1,600 > 1,600	+ 2% ² -5% -15%

1. Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.
2. Innvigtuð mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.
3. 18% af lágmarksverði að jafnaði en ef flokkun verður þrjú mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð, eða oftar, í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem á eftir koma í þriðja flokki, um 54%.
4. Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.
5. Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð, auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af lágmarksverði.
6. Þar sem þessar mælingar eru gerðar.